



Garðaskóli

Kennsla og félagsleg aðlögun nemenda sem koma erlendis frá

- Íslenskukennari og kennari sem kennir íslensku sem annað tungumál útbúa kennslumarkmið fyrir nemandann. Þeir skipuleggja námið ásamt deildarstjóra sérkennslu og umsjónarkennari heldur utan um félagslega aðlögun og samskipti við heimili.
- Mikilvægt er að nota rafrænar orðabækur, sjónrænt efni og myndrænar útfærslur. Gott og náð samstarf þarf að vera á milli umsjónarkennara, sérgreinakennara og þeirra sem kenna íslensku sem annað tungumál. Með slíku samstarfi getur kennarinn sem kennir íslensku sem annað tungumál forunnið námsefni sem bekkjar- eða sérgreinakennari fer síðan í inni í bekk. Öll forvinna með þessum nemendum er mjög mikilvæg. Umsjónar- og sérgreinakennarar geta t.d. afhent kennara sem kennir íslensku sem annað tungumál lista með lykilhugtökum kafla í námsbók sem hann síðan aðstoðar nemandann við að skilja og þjálfar hann í notkun þeirra svo hann geti gert þau að sínum.
- Nauðsynlegt er að byrja á að kenna og þjálfar nemandann í almennum orðaforða og samskiptum á íslensku og innleiða einnig eftir bestu getu skólamál og flóknari hugtök námsbóka.
- Muniið að allir starfsmenn skólans eru íslenskukennarar nemenda sem koma erlendis frá.
- Varðandi félagslega aðlögun nemanda er gott að nýta aðferðina tveir í takt. Þá tekur íslenskur nemandi að sér að vera sérstakur félagi nýja nemandans í skólanum í lengri eða skemmri tíma. Í sumum tilfellum hafa íslensku nemendurnir verið afar vinsamlegir en nýi nemandinn sem kemur erlendis frá verið feiminn við samskiptin. Gott er því að fara frekar hægt í sakirnar til að byrja með og leyfa nýja nemandanum að finna sig og síðan er lagt af stað með vel skipulagða félagslega aðlögun með virkri þátttöku íslensku nemendanna.
- Íslensku nemendurnir eru þjálfaðir í að kenna erlenda nemandanum íslensku og lögð á það áhersla að þeir noti **ekki ensku** í samskiptum sínum við þá.
- Þá er mikilvægt að kynna félagsmiðstöð og starfsmenn hennar vel fyrir nemandanum og fá nemanda/nemendur úr félagsmálavali það verkefni að kynna félagslífið vel fyrir erlenda nemandanum og sjá til þess að hann sé vel upplýstur um alla viðburði í skólanum og hafi örugga fylgd á þá ef hann óskar þess. Æskilegt er að nemandi úr félagsmálavali eða nemendaráðgjafi taki það

að sér ásamt starfsmanni félagsmiðstöðvar og/eða námsráðgjafa sem bera ábyrgð á að fylgja málum eftir.

- Mikilvægt er að komast að áhugamálum og styrkleikum nemandans sem kemur erlendis frá og reyna að greiða leið hans í félagsstarf eða tómstundir í Garðabæ þar sem jafnaldrar hans eru. Þá geta starfsmenn skólans eða nemendur tekið að sér að kynna hann fyrir því sem er í boði í bænum. Þetta er hlutverk sem námsráðgjafar, nemendaráðgjafar eða starfsmenn félagsmiðstöðvar eða umsjónarkennari geta tekið að sér.
- Ef margir nemendur með sama móðurmál stunda nám við skólann er mikilvægt að þeir vinni saman og styðji hvorn annan í náminu. Sumir þeirra hafa verið lengur á Íslandi en aðrir og eru lengra komnir í náminu og því tilvaldir í slíka jafningjafræðslu.

Garðaskóli haust 2012